



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Aðalbjörg Traustadóttir, starfandi sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um aukningu á framboði á foreldranámskeiðum og góðum ráðum til foreldra*

Þann 5. október 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um aukningu á framboði á foreldranámskeiðum og góðum ráðum til foreldra:

Íslensk ungmenni mælast með minni félags- og tilfinningagreind en ungmenni í nágrannalöndum okkar. Embætti landlæknis hefur mælt hamingju fullorðinna Íslendinga og ungmenna í nær tvo áratugi. Gögnin sýna að Íslendingar hafa aldrei mælst jafn óhamingjusamir og nú. Börn og unglingar eyddu meiri tíma með foreldrum sínum í faraldrinum en ólíkt því sem gerðist í efnahagshruninu 2008 urðu þau óhamingjusamari í heimsfaraldrinum. Þannig að þrátt fyrir aukna samveru unglinga með foreldrum sínum á covid-tímum urðu börn óhamingjusamari vegna skorts á umhyggju foreldra. Sennilega voru foreldrar minna til staðar fyrir börn sín í heimsfaraldrinum vegna fjarvinnu og/eða viðveru í snjalltækjum. Þessi rannsókn sýnir fram á hvað samvera og gæðastundir skipta miklu máli fyrir hamingju ungmenna. Samkvæmt ársskýrslu velferðarsviðs hafa tilvísanir til stoðþjónustunnar vegna tilfinningalegs vanda aukist um 63%. Þessar upplýsingar vekja ugg og eru vísbending um að eitthvað sé að í þjóðfélaginu. Flokkur fólksins vill bregðast við þessum vanda og leggur til að velferðarsvið styðji við foreldra í uppeldishlutverkinu. Það er m.a. hægt að gera með aukningu á framboði á foreldranámskeiðum. Einnig væri hægt að gefa út bækling með góðum ráðum til foreldra um fjölgun samverustunda með börnum sínum og takmörkun á notkun snjalltækja.

Umsögn:

Tekið er undir það mat sem fram kemur í tillögu fulltrúa Flokks fólksins að full ástæða sé til að bregðast við þeim vanda sem nú virðist blasa við íslenskum ungmennum.

Í allri foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf Keðjunnar er lögð rík áhersla á samverustundir með börnum, án snjalltækja. Keðjan er einnig að innleiða aðferðafræði SOLIHULL, sem er nálgun sem er ætlað að auka velferð og lífsgæði barna og fjölskyldna í því samfélagi sem þau taka þátt í. Markmiðið er að efla tengsl barna og foreldra og byggja upp næmni foreldra fyrir tilfinningum barna þeirra sérstaklega þegar börnin upplifa aðstæður sínar sem yfirþyrmandi.

Allt starf Keðjunnar, einstaklingsstuðningur, hópastarf, Unglingasmiðjur, Unglingabrá og helgarsmiðja fer fram án notkunar snjalltækja þar sem lögð er rík áhersla á félagsfærni og uppbyggileg samskipti við og á milli barna og unglinga. Keðjan og sérfræðingar miðstöðva nýta einnig ýmist efni frá öðrum t.d. embætti landlæknis og samtökum foreldra grunnskólabarna í Reykjavík (SAMFOK) í sinni ráðgjöf til foreldra. T.d. hefur SAMFOK gefið út Leiðarljós um skjátíma, sem er á „segli“ og því hægt að festa á ísskápinn, en þar kemur



fram viðmiðunarskjáttími miðað við aldur barns. Um er að ræða samstarfsverkefni SAMFOKS, Foreldrafélaga og Reykjavíkurborgar.

Á haustmánuðum sept. – des. 2022 verða/eru í boði alls átta námskeið fyrir foreldra og börn innan allra miðstöðva Reykjavíkurborgar (SPHARE, Klókir krakkar, PEERS, PMTO, (foreldranámskeið, hópnámskeið, einstaklingsmeðferð) og foreldramiðað HAM. Þessi námskeið taka m.a. á kvíða, hegðunarvanda, skertri félagsfærni og foreldrabjálfun. Undirbúningur að námskeiðum á vorönn er hafinn en m.a. er verið að vinna að námskeiðum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík þar sem áætlað er hægt verði að veita allt að 70 börnum þjónustu. Alls er áætlað að um 370 börn og foreldrar þeirra fái þjónustu á árinu 2022 gegnum námskeið.

Skipaður hefur verið starfshópur um mótun forvarnaráætlunar á grundvelli lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar en í hópnum eru, auk fulltrúa velferðarsviðs sem leiðir hópinn, fulltrúar frá skóla- og frístundasviði, Vinnuskólanum og mannauðs- og starfsumhverfissviði. Samkvæmt upplýsingum frá hópnum þá mun hópurinn fjalla um með hvaða hætti og á hvaða formi miðla þurfi hinum ýmsu upplýsingum/ráðum til barna og foreldra þeirra. Bæklingar þurfa t.d. ekki endilega að reynast besta leiðin til að koma upplýsingum á framfæri.

Lagt er til að beðið verði eftir niðurstöðum starfshópsins varðandi ákvarðanir um með hvaða hætti best sé að miðla upplýsingum til foreldra.